



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 5. september 2023

Tilv.: IRN23090010/4.5

Efni: Hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu

Athygli innviðaráðuneytisins hefur verið vakin á því að fá sveitarfélög hafi sett sér málstefnu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um.

Því miður benda gögn ráðuneytisins til að þessi ábending eigi við rök að styðjast.

Af því tilefni vekur ráðuneytið athygli sveitarstjórnarinnar á 130. gr. sveitarstjórnarlaga um málstefnu sveitarfélaga.

Þar segir:

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggja fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Með hliðsjón af ofangreindu ákvæði sveitarstjórnarlaga hvetur ráðuneytið sveitarstjórnina til að ýta úr vör vinnu við málstefnu sveitarfélagsins sé slík stefna ekki fyrir hendi. Þá stendur ekkert í vegi fyrir því að sveitarfélög taki sig saman um mótun grundvallarstefnu af þessu tagi.

Sérstök athygli er vakin á skyldu sveitarstjórna til þess að setja sveitarfélögum reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku. Ljóst er að í fæstum tilvikum liggja slíkar reglur fyrir jafnvel þó hátt hlutfall íbúa sé af erlendum uppruna.

Aðalsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd ráðherra

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir